



Ársskýrsla **2012**
Námsgagnastofnun



Ársskýrsla 2012

Námsgagnastofnun

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	3
<i>Námsefnisgerð</i>	4
<i>Útgáfur ársins 2012</i>	6
<i>Í dagsins önn</i>	8
<i>Starfsmannahald</i>	9
<i>Kynningarstarf 2012</i>	10
<i>IGEP 2012</i>	11
<i>Ársreikningur fyrir árið 2012</i>	12

Ársskýrsla 2012

Kápumynd: Frá haustsýningu í Reykjavík 2012.
Námshagnastofnun
Kópavogi 2013
Umsjón: Hafdís Finnbogadóttir
Prentvinnsla: Litróf – umhverfisvæn prentsmiðja



Formáli

Samstarf við Norðlingaskóla

Á síðastliðnu skólaári tók Námsgagnastofnun þátt í þróunarverkefni um notkun spjaldtölva í Norðlingaskóla. Að verkefninu komu einnig Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur, Menntavísindasvið HÍ og fyrirtækið Epli.is. Meginmarkmiðið með verkefninu var að reyna að kortleggja með hvaða hætti spjaldtölvur geti gert nám markvissara, fjölbreyttara og einstaklingsmiðaðra. Með þátttöku sinni vildi starfsfólk Námsgagnastofnunar reyna að átta sig á hvers konar efni hentar fyrir spjaldtölvur og hvernig beri að forgangsraða verkefnum í útgáfunni með tilliti til þeirrar þróunar sem nú á sér stað víða um heim með aukinni spjaldtölvunotkun í skólum.

Kanban kerfi

Í ársbyrjun var tekið upp svokallað Kanban kerfi til að fylgjast með framvindu verka í náms-efnisgerðinni. Það voru þær Guðríður Skagfjörð og Harpa Pálmadóttir ritstjórar sem kynntu Kanban kerfið fyrir hópnum og var hugmyndinni vel tekið og ákveðið að taka kerfið í notkun. Sérstök tafla var smíðuð og hengd upp í fundarherberginu og þar eru nú litlir miðar með titlum námsefnisins færðir frá vinstri til hægri eftir því sem verk færast frá hugmyndastigi til útgáfu. Með þessu móti getur því allt starfsfólk fylgst með framvindu verka og þar sjást líka vel álagstoppur og annað ójafnvægi í ferlinu sem þarf að taka á og jafna eftir því sem hægt er.

Mat á starfseminni

Undanfarin sjö ár hefur stofnunin notað Stefnumiðaða árangursstjórnun (Balanced Scorecard) til að halda utan um markmiðssetningu og mat á starfseminni. Í febrúar hvert ár er haldinn sérstakur matsdagur og þá er m.a. farið yfir hvernig starfsemin hefur gengið á liðnu ári. Þá hefur verið stuðst við þá mælikvarða sem settir hafa verið varðandi fjármál, neytendur, innri vinnuferla og lærdóm og þróun. Margir starfsmenn hafa haft umsjón með ákveðnum mælikvörðum á sínu starfssviði og gera þeir grein fyrir framvindu mála á matsdegi.

Á matsdegi 2012 var hins vegar ákveðið að hætta notkun þessa kerfis og leita leiða til að finna nýjar aðferðir við markmiðssetningu og sjálfsmat stofnunarinnar.



Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

Ritröð um grunnþætti menntunar

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að óvenjulegum útgáfum þar sem stofnunin tók að sér að annast ritstjórn og útgáfu á bókum um grunnþætti menntunar sem fram koma í nýrri aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ritstjórnarnir Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir hafa annast ritstjórn bókanna í samstarfi við sérstaka ritnefnd sem í sitja Berglind Rós Magnúsdóttir, Hafsteinn Karlsson og Torfi Hjartason. Sesselja Snævarr starfaði með ritnefndinni sem tengiliður við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Starf lagt niður

Í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar var formlega lagt niður starf og var það fyrst og fremst vegna tæknipróunar. Einn starfsmaður hafði haft það verkefni m.a. að fjölfalda fræðslumyndir og ganga frá þeim til dreifingar ásamt hlustunarefni á diskum. Eftir að hvort tveggja var sett á vef var of lítið eftir af verkefnum í þessu starfi og það var því lagt niður og starfsmaðurinn hóf töku biðlauna.

Útgáfur ársins

Árið 2012 gaf stofnunin út 58 nýjar bækur og 12 titla af hlustunarefni. Kennsluleiðbeiningar, verkefni, próf og fleira efni á vef var samtals 41 titill. Fræðslumyndir voru 3 og gagnvirkir vefir 5. Flettibækur á vef voru 16. Endurprentaðir voru 105 titlar.

Útgáfa stafræns efnis á vef fer jafnt og þétt vaxandi og fleiri titlar eru nú gefnir út á stafrænu formi en prentuðu. Þó er grunnefni til kennslu í hverri grein enn þá allt gefið út á bókum en mikið af því er aðgengilegt sem pdf og einnig sem hlustunarefni.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri

Námsefnisgerð

Á námsefnis- og framleiðslusviði Námsgagna- stofnunar störfuðu í árslok fimmtán manns en þar af voru fimm í hlutastarfi. Auk útgáfustjóra störfuðu níu ritstjórar, framleiðslustjóri, prentsmiður, kynningarstjóri, hönnuður og fulltrúi.

Meginverkefni sviðsins voru sem fyrr undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra verka í útgáfunni, ritstjórn þeirra verka, hönnun, umbrot, umsjón með endurskoðun og prentun eldra efnis. Kynningar á námsefni og sýningar eru auk þess ætíð hluti af viðfangsefnum sviðsins.

Útgáfan

Á árinu 2012 voru flestir nýir titlar gefnir út á prentuðu formi en útgáfuform útgefins efnis er þó með ýmsu móti. Auk prentaðs efnis var fjöldi titla gefinn út á netinu á pdf-formi, einkum kennsluleiðbeiningar og verkefni sem hægt er að prenta út. Þar fyrir utan má nefna útgáfu á hljóðefni, fræðslumyndum og gagnvirku stafrænu efni sem allt er gefið út á vef stofnunarinnar, www.nams.is. Á árinu 2012 voru 16 bækur birtar í formi flettibóka (pdf) á netinu og fleiri slíkar eru í farvatninu. Eftirspurn eftir þessu útgáfuformi virðist fara vaxandi en aukin notkun á spjaldtölvum í grunnskólum hefur trúlega áhrif á þá eftirspurn.

Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið tæplega 204 milljónum króna á árinu 2012. Þar af fóru rúmlega 120 milljónir í útgáfu á nýju efni og tæplega 84 milljónir í endurprentanir á eldra efni. Hér er aðeins átt við beinan útlagðan kostnaði vegna höfundavinnu og prentunar en launa- og rekstrarkostnaður er þá undanskilinn. Alls komu út 129 nýir og endurgerðir titlar á árinu 2012 og að auki voru 88 eldri titlar endurprentaðir. Í heildina voru rúmlega 615 þúsund eintök prentuð á árinu. Hér á eftir er stiklað á stóru yfir það helsta sem kom út á árinu í einstökum greinum.

Rit um grunnþætti menntunar

Í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið voru gefin út þrjú af sex ritum í ritröð um grunnþætti menntunar sem skilgreindir eru í nýrri menntastefnu. Á árinu 2012 var lokið við rit um *Læsi*, *Sköpun* og *Lýðræði og mannréttindi* og stuttu síðar ritin *Jafnrétti*, *Sjálfbærni* og *Heilbrigði og velferð*. Tilgangurinn með útgáfu ritanna er að auðvelða kennurum, skólastjórnendum og öðru starfsfólki skóla að átta sig á inntaki grunnþáttanna og benda á leiðir til að flétta þá inn í allt skólastarf.

Íslenska

Í ný verk í íslensku og skrift var varið tæplega 20 milljónum króna á árinu 2012. Verkin sem gefin voru út í þessari námsgrein skiptust á öll aldurstigin. Fyrir byrjendur má nefna 10 lítil æfingahefti í lestri sem heita *Sagan um Bólu* ásamt fylgiefni og nýja vinnubók með *Lestrarlandinu*. Þá komu út þrjár auðlesnar sögubækur ásamt vinnubókum. Fyrir nemendur á mið- og unglingastigi kom út bókinn *Stöngin inn* sem er fyrsta bókinn í flokki lestrarhefta þar sem textinn tekur mið af áhugamálum og hugðarefnum nemenda. Í bókunum *Gjallarhorn* og *Skilaboð móttakin* er fjallað á nýstárlegan hátt um fjölmiðlalæsi þar sem notkun tungumáls og myndmáls er skoðað í víðu samhengi. Þá er vert að minnst á að haldið var áfram með útgáfu á skriftarkennsluefninu *Ítalíuskript*.

Samfélagsgreinar

Undir samfélagsgreinar fellur efni í landafræði, sögu, lífsleikni, þjóðfélags- og trúarbragðafræði en í þessar greinar var varið um 12 milljónum króna á árinu. Í landafræði kom út vegleg bók fyrir unglinga, *Um víða veröld – heimsálfur* ásamt hljóðbók og kennsluleiðbeiningum. Ný útgáfa af *Kortabók* leit dagsins ljós á árinu og jafnframt er vert að minnst á útgáfu fræðslumyndar um *Brasilíu*. Í sögu kom út áhugavert þemahefti *Víkingaöldin 800–1050* en höfundar þeirrar bókar voru tilnefndir til Viðurkenningar Hagþenkis 2012 fyrir verkið.

Stærðfræði

Á árinu voru bókfærðar 26 milljónir til útgáfu nýrra og endurgerðra titla í stærðfræði. Lokið var við endurgerð á bókarflokknum *Geisla* sem er fyrir miðstig og haldið áfram með útgáfu á nýjum flokki *Stiku* fyrir sama aldurstig. Auk þess sem gefnir voru út nokkrir titlar af auknum og endurgerðum *Sprotabókum* fyrir yngsta stig.

Erlend tungumál

Í útgáfu nýrra verka í ensku og dönsku fóru rúmlega 16 milljónir. Þar vegur þyngst útgáfa á nýju námsefni í ensku, *Spotlight* fyrir 9. og 10. bekk. Auk þess sem lokið var við nýjan enskukennsluvef *Read Write Right*. Í dönsku var einnig opnaður nýr vefur *Lyt og se* auk þess sem hafin var vinna að nýju grunnefni fyrir 9. bekk.





Fylgst með framvindu verka á Kanban töflu.

Upplýsinga- og tæknimennt

Um 1,7 milljón var varið útgáfu efnis í upplýsinga- og tæknimennt. Stærst er nýja verkið *Viskuveitan* sem er safn af samþættingarverkefnum fyrir 1.–10. bekk grunnskóla. Nemendur leita upplýsinga, afla heimilda og vinna fjölbreytt verkefni sem tengja saman upplýsingatækni, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og ensku.

Náttúrufræði

Í náttúrufræði voru bókfærðar tæplega 6,5 milljónir króna. Lokið var við útgáfu á ýmsu fylgiefni í bókaflokknum *Litróf náttúrunnar* fyrir unglingastig. Bókin *Líf á landi*, nýtt grunnnámsefni fyrir miðstig kom út ásamt hljóðbók og kennsluleiðbeiningum. Heill hluti bættist við *Jarðfræðivefinn* og hafin vinna við síðasta hluta hans. Loks er svo að geta fræðslumyndar um lífsferil laxa, *Laxasaga*.

List- og verkgreinar

Um það bil 11 milljónum króna var varið í ný verk í list- og verkgreinum en undir þær teljast tónmennt, sjón- og sviðslistir. Stærsta einstaka verkið var metnaðarfull útgáfa á *Söngvasafni* með rúmlega 200 sönglögum. Bókin er aukin og endurskoðuð útgáfa *Nýs söngvasafns handa skólum og heimilum* og er hún helguð minningu hvatamanns verksins, Ingólfs Guðbrandssonar tónlistakennara og söngstjóra. Í bókinni eru öll

sönglöggin útsett fyrir píanóundirleik og með bókstafshljómum til að auðvelda gítarundirleik. Fyrir yngsta stig var einnig gefin út bókin *Söngvasafn 2* sem inniheldur 68 lög með nótnasettum laglínum, bókstafshljómum og textum. Einnig var bætt við efni á vefinn *Landfræði tónlistarinnar*. Í leiklist má nefna handbókina *Hagnýt leiklist* þar sem teknir hafa verið saman tugir kennsluáðferða í leiklist og leiðbeiningar um beitingu þeirra. Með þessu efni var einnig gefin út verkefnabók og geisladiskur. Þá var gefin út ný bók *Næring og lífshættir* í heimilisfræði fyrir elstu bekki grunnskóla.

Tvær skýrslur

Á árinu voru gefnar út tvær skýrslur sem tengjast námsefnisútgáfu. Nói Kristínsson vann skýrslu um opið menntaefni á Íslandi og Erla Karlsdóttir skrifaði skýrslu um rannsókn á stöðu námsbóka Námsgagnastofnunar gagnvart sex grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Skýrslurnar má nálgast á vef Námsgagnastofnunar.

Útgáfur ársins 2012

Frumútgáfur

Prentað efni

Nemendabækur

- 7061 Spotlight 10 – Lesbók
7062 Spotlight 10 – Vinnubók
7059 Spotlight 9 – Lesbók
7060 Spotlight 9 – Vinnubók
5955 Geisli 2B – Vinnubók
5979 Geisli 3A – Grunnbók, Ný útg. 2012
5980 Geisli 3A – Vinnubók, Ný útg. 2012
8712 Geisli 3B – Grunnbók, Ný útg. 2012
5987 Geisli 3B – Vinnubók, Ný útg. 2012
6211 Sproti 3a – Æfingahefti
6217 Sproti 3b – Nemendabók
6218 Sproti 3b – Æfingahefti
7127 Stika 2a – Nemendabók
7128 Stika 2a – Æfingahefti
7131 Stika 2b – Æfingahefti
7130 Stika 2b – Nemendabók
7069 Rómeó og Júlía
7080 Sagan um Bólu 1
7145 Sagan um Bólu 10
7137 Sagan um Bólu 2
7138 Sagan um Bólu 3
7139 Sagan um Bólu 4
7140 Sagan um Bólu 5
7141 Sagan um Bólu 6
7142 Sagan um Bólu 7
7143 Sagan um Bólu 8
7144 Sagan um Bólu 9
7065 Dóri litli verður útlenskur – Auðlesin sögubók
7104 Engar ýkjur – Auðlesin sögubók
7075 Gjallarhornið
8996 Gjallarhornið – Kennsluleiðbeiningar
7066 Græna bókin – Auðlesin sögubók
7078 Græna bókin – Vinnubók
6747 Skilaboð móttekin
7111 Stöngin inn
7079 Svaðilför í berjamó – Vinnubók
7026 Bókin um Tíslu
7029 Verum virk – Félagstarf, fundir og framkoma
6675 Kortabók handa grunnskólum – Ný útgáfa 2012
7013 Um víða veröld – heimsálfur
6169 Sögueyjan 1. hefti 870–1520 (Ný útg. 2012)
7014 Víkingaöld
6182 Gott og gaman – Heimilisfræði fyrir byrjendur
6183 Næring og lífshættir
7118 Ítalíuskraft 1A og 1B – Heimaverkefnabók

7115 Ítalíuskraft 3A

5415 Söngvasafn

5416 Söngvasafn 2

7009 Líf á landi

Samtals 50 titlar

Kennsluleiðbeiningar

- 7433 Spotlight 10 – Kennsluleiðbeiningar
7434 Spotlight 9 – Kennsluleiðbeiningar
9026 Líf á landi – Kennsluleiðbeiningar
7436 Maður og náttúra – Kennsluleiðbeiningar
7129 Stika 2a – Kennarabók
7447 Sproti 2b – Kennarabók
7448 Sproti 3a – Kennarabók
7446 Sproti 3b – Kennarabók

Samtals 8 titlar

Kennsluleiðbeiningar á vef

- 8959 Ríki heims – Brasilía, nýtt heimsveldi – Kennsluleiðbeiningar
7123 Frelsi og velferð – Kennsluleiðbeiningar
8987 Styrjaldir og kreppa – Kennsluleiðbeiningar
9968 Sögueyjan 3. hefti 1900–2010 – Kennsluleiðbeiningar
7445 Gott og gaman – Kennsluleiðbeiningar
9967 „Mér er í mun ...“ – Kennsluleiðbeiningar
9935 Beinagrindur – Innlaginn (ppt)

Samtals 7 titlar

Prentaðar handbækur

- 7089 Hagnýt leiklist – Handbók
7437 Nám í skóla um hamingju og velferð – Að sitja fil
8879 Sköpun – Rit um grunnþætti menntunar
8875 Læsi – Rit um grunnþætti menntunar
8876 Lýðræði og mannréttindi – Rit um grunnþætti menntunar

Samtals 5 titlar

Gagnvirkir vefir

- 9946 Read Write Right – Gagnvirkur vefur
9878 Lyt og se – Gagnvirkur vefur
9973 Skólablaðið – Gagnvirkur vefur
9030 Fingraleikir – Gagnvirkur vefur
8939 Bókin um Tíslu
9085 Trúarbragðavefurinn
9928 Viskuveitan
9947 Uppskriftavefurinn

Samtals 8 titlar



Uppfærðir vefir

Landafraeði tónlistar – Gagnvirkur vefur
9859 Jarðfræðivefurinn – Gagnvirkur vefur
9977 Litróf náttúrunnar – Gagnvirkur vefur
Leikritasmiðjan
Upplýsinga og tæknimennt 5.–7. bekkur
9682 Plöntuvefurinn

Samtals 6 titlar

Fræðslumyndir á vef

45139 Laxasaga – Fræðslumynd
45138 Ríki heims – Brasilía, nýtt heimsveldi
Fræðslumyndir á diskum
45137 Hagnýt leiklist – DVD

Samtals 3 titlar

Hljóðbækur á vef

9054 Action – Hljóðbók
8950 Tænk+ – Hljóðbók
9089 Sögueyjan 1, Ný útg. 2012 – Hljóðbók
8989 Líf á landi – Hljóðbók
9023 Maður og náttúra – Hljóðbók
9016 Dóri litli verður útlenskur – Hljóðbók
9032 Græna bókin – Hljóðbók
9956 „Mér er í mun ...“ – Hljóðbók
9953 Svaðilför í berjamó – Hljóðbók
9068 Sögueyjan 3. hefti 1900–2010 – Hljóðbók

Samtals 10 titlar

Hljóðbækur á CD

9012 Spotlight 9 – CD
9014 Spotlight 10 – CD

Samtals 2 titlar

Pdf á vef

9992 Tænk+ – Vinnubók A
8960 Tænk+ – Vinnubók B
9992 Tænk+ Nemendabók. Pdf
9046 Geisli 2B – Lausnir við grunnbók, Ný útg. 2012
983 Geisli 3A – Lausnir við grunnbók, Ný útg. 2012
8978 Geisli 3B – Lausnir við vinnubók, Ný útg. 2012
9924 Stika 1a – Verkefni
9924 Stika 1b – Verkefni
8975 Stika 2a – Verkefni
9924 Stika 1a – Lausnir við verkefni
9924 Stika 1b – Lausnir við verkefni
8975 Stika 2a – Lausnir við verkefni
8966 Sagan um Bólu, pdf
9959 Hljóðspor – Verkefnabanki
9991 Maður og náttúra – Verkefni

Samtals 15 titlar

Flettibækur á vef

9992 Tænk+ Nemendabók – Flettibók
6943 Átta-tíu 1 – Flettibók
6944 Átta-tíu 2 – Flettibók
6965 Átta-tíu 3 – Flettibók
6966 Átta-tíu 4 – Flettibók
6970 Átta-tíu 5 – Flettibók
6971 Átta-tíu 6 – Flettibók
7103 Lestrarlandið – Vb. 2 – Flettibók
6745 Lestrarlandið – Vb. 1 – Flettibók
7026 Bókin um Tíslu – Flettibók
5953 Geisli 2A – Flettibók
7094 Geisli 2B – Flettibók
5979 Geisli 3A – Flettibók
8876 Lýðræði og mannréttindi – Rit um grunnþætti menntunar – Flettibók
8875 Læsi – Rit um grunnþætti menntunar – Flettibók
8879 Sköpun – Rit um grunnþætti menntunar – Flettibók

Samtals 16 titlar

Pdf- skjöl á Læstu svæði kennara

Víkingsöld – Lausnir við verkefni
Frelsi og velferð – Lausnir við verkefni
Styrjaldir og kreppa – Lausnir við verkefni
Spotlight 10 – Lausnir
Spotlight 9 – Lausnir við vinnubók
Action – lausnir við vinnubók
Evrópa – Lausnir við vinnubók
Maður og náttúra – Prófabanki
Stika 2 – Lausnir við vorpróf
Stika 2 – Lausnir við miðsvetrarpróf
Stika 2 – Miðsvetrar- og vorpróf
Jólabrautir 2012 – Lausnir
Stika 1 – Miðsvetrarpróf og vorpróf, leiðbeiningar um eftirfylgni
Landafraeði tónlistar – Kennsluleiðbeiningar, verkefni og svör
Hljóðspor – Lausnir við verkefni

Samtals 15 titlar

Alls 145 titlar

Úthlutun námsgagna 2012

	Almennur kvóti
Úttektarheimild	289.996.000 kr.
Úttekt á árinu	273.888.200 kr.
Eintakafjöldi	536.447 eint.
Meðalverð pr. eintak 511 kr.	
Auk þess voru afgangi 23.910 eintök utan kvóta	



Í dagsins önn

Vefsíðan *Í dagsins önn* var opnuð árið 2004. Þar er fjallað um fjölbreytt málefni sem eru efst á baugi hverju sinni og gætu vakið áhuga grunnskólakennara og nemenda þeirra. Eins og á síðasta ári var lagt upp með að efla enn frekar tengsl okkar við grunnskólana og vekja athygli á vefsíðunni.

Efnt var til vísnaðsamkeppni (*Vísuþotn 2012*) annað árið í röð í tilefni af *degi íslenskrar tungu*. Þátttaka jókst töluvert á milli ára. Alls sendu 603 nemendur vísuþotna frá samtals 35 skólum víðs vegar að á landinu. Á yngsta stigi bárust okkur botnar frá 230 nemendum, á miðstigi frá 293 og 80 nemendur á unglíngastigi sendu okkur vísur. Einum nemanda á hverju stigi voru veitt bókaverðlaun og viðurkenningarskjal fyrir besta vísuþotninn en fyrriparta samdi Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Sú nýbreytni var gerð árið 2012 að þjóða nemendum á unglíngastigi að senda jafnframt inn limrur en aðeins örfáar bárust og hlaut engin þeirra náð fyrir augum dómnefndar. Keppnin vakti athygli fjölmiðla og var um hana fjallað bæði á fréttamiðlinum mbl.is og í Fréttablaðinu, þar sem greint var frá úrslitum. Það er ljóst að vísnaðsamkeppnin hefur fest sig rækilega í sessi og verður árlegur viðburður hjá Námsgagnastofnun í nóvembermánuði.

Farið var í allmargar skólaheimsóknir og gerð grein fyrir áhugaverðum verkefnum og viðburðum í máli og myndum. Greint var frá menningarmóti í Háteigsskóla þar sem nemendur í 5. bekk kynntu áhugamál sín og menningu á margvíslegan máta. Norðlingaskóli var einnig heimsóttur og sagt frá tilraunaverkefni um notkun iPad spjaldtölva í kennslu á unglíngastigi en Námsgagnastofnun kemur að verkefninu ásamt fleiri stofnunum. Kennarar í Fellaskóla sögðu frá skemmtilegu verkefni sem nemendur unnu í tengslum við ljósmyndasýningu í Gerðu-

bergi, Málshættir í Fókus. Þá var einnig fjallað um TÖKU 2012 sem fram fór í Bíó Paradís en aldrei áður hafa jafnmargar myndir borist í stuttmyndasamkeppni grunnskóla Reykjavíkur. Einnig var greint frá *Varðliðum umhverfisins*, verkefnasamkeppni grunnskólanema um umhverfismál og á *norrænum loftslagsdegi* var vakin athygli á norrænum veðurvef þar sem nemendur geta skráð upplýsingar um margs konar hamfarir, einkum tengdar veðri.

Teknir voru saman helstu viðburðir og merkisdagar í hverjum mánuði og bent á námsefni eða verkefni sem kennarar geta nýtt sér við hvert tilefni. T.d. var vakin athygli á *112-deginum*, *degi stærðfræðinnar*, *degi gegn einelti*, *alþjóðlegum degi læsis* og *evrópska tungumáladeginum*. Í tilefni af *degi íslenskrar náttúru* var bætt við nýju efni á samnefndan safnvef sem opnaður var árið 2011: Umfjöllun og verkefni um heitt vatn og kalt eftir Sigrúnu Helgadóttur og hugleiðing Ómars Ragnarssonar, Ísland – land og þjóð vatnsins. Í tilefni páska útbjó Harpa Jónsdóttir skemmtilegt dagblaðaverkefni fyrir Páskavefinn þar sem nemendur skoða hvað auglýst hefur verið í íslenskum dagblöðum í dymbilviku í heila öld.

Náttúruöflin létu til sín taka á árinu og í apríl var skrifuð grein um jarðskjálfta þegar einn af stærðinni 8,6 varð undir hafsbotni vestur af eyjunni Súmötru í Indónesíu.

Fjallað var um réttir og rjúpu í vetrarbúningi á haustmánuðum og um það leyti sem aðventan var að ganga í garð í desember var að venju vakin athygli á jólavefnum okkar og nýrri jólasögu bætt við. Þá var jóladagatalið á sínum stað þar sem nemendur gátu stytt sér stundir og glímt við margvíslegar stærðfræðiprautir. Ýmislegt fleira leit dagsins ljós á síðunni árið 2012 en fleira verður ekki tíundað hér.



Vinningahafar í Vísuþotni 2012.

Starfsmannahald



Úr starfsmannaferð til Vestmannaeyja.

Nokkrar breytingar urðu á skipan starfsmannamála á árinu 2012 og verða þær taldar hér í tímaröð.

Hildur Sif Thorarensen var ráðin tölvunarfræðingur í marsmánuði og starfaði hún fram á haust er hún ákvað að hverfa til annarra starfa. Í maímánuði lét Tryggvi Jakobsson af störfum sem útgáfustjóri og í hans stað var Hafdís Finnbogadóttir ráðin að undangenginni auglýsingu. Fjöldmargar umsóknir bárust og var Hafdís metin hæfust til starfans. Tryggvi fór í hálfstarf sem ritstjóri með áherslu á náttúrufræði og verkefni í samfélagsgreinum.

Ritstjórnir Harpa Pálmadóttir og Elín Lilja Jónasdóttir hækkuðu í starfshlutfalli úr 50% í 75% vegna aukinna umsvifa.

Ellen Klara Eyjólfadóttir kynningarstjóri fór í 4ra mán. námsleyfi og kom aftur til vinnu í ársbyrjun 2013.

Í desember voru þau Ólafur Ómarsson, tölvunarfræðingur og Kristjana Knudsen, upplýsingarfræðingur, ráðin til starfa hjá stofnuninni og hófu þau störf í ársbyrjun 2013. Mikill fjöldi umsókna barst um þessi störf og urðu þessi tvö fyrir valinu.

Þórdís Guðjónsdóttir, skjalastjóri, lét formlega af störfum vegna aldurs í lok ársins. Einnig lét Ragnheiður Grétarsdóttir af störfum í árslok og fór á biðlaun þar sem starf hennar var lagt niður.

Þeim starfsmönnum sem létu af starfi á árinu er óskað alls hins besta í framtíðinni og nýir starfsmenn boðnir velkomnir og þeim óskað velfarnaðar í starfi.

Kynningarstarf 2012



Frá kennaraþingi á Akureyri 2012.

Á árinu 2012 skiptist kynningarstarf Námsgagnastofnunar á þrjá starfsmenn vegna veikinda og námsleyfis.

Alls voru fjögur dreifibréf gefin út á árinu sem öll voru send út rafrænt en dreifibréf sem kom út í ágúst var prentað og var því dreift á haustþingum og öðrum kynningum, enda var þar yfirlit yfir útgáfuefni síðastliðins árs, frá hausti til hausts. Engir nýir námsgreinabæklingar voru gefnir út en bæklingur um Lífsleikni var uppfærður. Ein rafræn könnun var send út á póstlista kennara og skóla um námsefni og notkun þess. Þá var stofnunin með í nokkrum sýningum, m.a. á þingi Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem haldið var á Grand hóteli. Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni á fjölmennri ráðstefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkur sem var haldin á Hilton hóteli. Í október var sýning á námsefni tengdu sérkennslu ráðstefnu á vegum Félags íslenskra sérkennara í október á Grand hóteli. Í nóvember tókum við þátt í námsstefnunni Frávik í málþroska.

Í ágúst var árleg sýning á öllu efni stofnunarinnar haldin í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Tilgangurinn með sýningunni er að kynna fyrir kennurum og öðrum áhugasömum allt námsefni, bæði eldra efni og nýtt, sem þeim stendur til boða hjá Námsgagnastofnun. Auk Námsgagnastofnunar tóku tæplega 40 aðrir útgefendur námsefnis og námsgagna þátt í sýningunni og kynntu efni sitt. Það má í raun

segja að þarna hafi verið saman komið allt það nýjasta sem kennurum býðst á einum stað. Sýningin var ekki eins fjölmenn og árið 2011 sem vakti viss vonbrigði en hún heppnaðist vel í alla staði og hús Menntavísindasviðs var fullt af áhugasömu fólki allan daginn. Almenn var mikil ánægja með sýninguna og kom fólk víðs vegar að af landinu til okkar þennan dag. Námsgagnastofnun hélt þarna fimmtán fræðslufundi fyrir kennara, sem flestir tengdust nýju námsefni. Aðrir námsefnisútgefendur, ásamt mennta og menningarmálaráðuneyti, héldu samtals 22 fræðslufundi á sínum vegum. Flestir fyrirlestrar, bæði á vegum stofnunarinnar og annarra, voru ágætlega sóttir. Við þökkum starfsmönnum Menntavísindasviðs kærlega fyrir aðstöðuna og starfsfólki sviðsins fyrir gott samstarf þennan dag.

Námsgagnastofnun tók þátt í árlegum haustþingum kennarafélaganna eins og undanfarin ár. Í byrjun september var haustþing á Vestfjörðum, þann 14. á Austfjörðum og þann 28. á Akureyri. Í byrjun október voru síðan haustþing á Suðurlandi og Vesturlandi. Sýning á námsefni frá stofnuninni er einnig uppi allan ársins hring í bókasafni Menntavísindasviðs HÍ en starfsfólk safnsins sér um þá sýningu.

Vefur Námsgagnastofnunar

Það var svolítil aukning á ferð um vef Námsgagnastofnunar á milli árana 2011 og 2012. Innlit á



vefinn árið 2012 voru 738.363 og flettingar 5.491.221 en var 723.709 innlit og 5.477.420 flettingar árið 2011.

Tíu vinsælustu gagnvirku vefirnir árið 2012 voru: Fingrafimi, Fingrafimi 2, Samhljóðar í himingeimnum, Fingraleikir, Leikur að íslenskum orðum, Lestur er leikur, Upplýsingatækni fyrir yngsta stig, Klukkan, Almenn brot og Fugla-vefurinn. Átta af þessum tíu vefjum eru á Krakkasíðum en aðeins tveir á Unglingasíðum. Þetta kemur einnig vel fram þegar skoðaðar eru flettingar á þessum tveimur safnsíðum árið 2012. Unglingasíður voru með 162.624 flettingar árið 2012 sem er fækkun úr 176.000 flettingum árið 2011. Krakkasíður voru með 914.000 flettingar árið 2011 en umferð þar jókst árið 2012 þegar flettingarnar voru orðnar 956.541. Það má nefna hér að læst svæði kennara sem hefur að geyma lausnir fékk 13.581 innlit og 60.024 flettingar árið 2012.

Póstlistinn

Póstlistinn er það samskiptatæki sem er mest notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofnunarinnar. Á póstlista voru um síðustu áramót 3964 netföng sem er þó nokkur aukning frá fyrra ári þegar þau voru rétt rúmlega 3200. Allt áhugafólk um



Á námsefnissýningu.

námsefni ætti að skrá sig á póstlistann, sem er okkar besta tæki til að ná til viðskiptavina stofnunarinnar.

Auglýsingar

Námshöfundur auglýsti reglulega í fag-tímaritum kennara og sérblöðum, auk almennra dagblaða. Ritfréttir birtust í *Skólavörðunni* og *Skímu* þar sem nýtt efni var kynnt. Það var einnig auglýst í dagblöðum og þá aðallega í tengslum við sýninguna í ágúst og í skólablöðum.

IGEP 2012

Árleg ráðstefna IGEP samtakanna (International Group of Educational Publishers) var haldin í Porto í Portúgal dagana 30.5.–2.6. Aldís Yngvadóttir og Ingibjörg Ásgeirsdóttir sóttu ráðstefnuna fyrir hönd Námsgagnastofnunar. Báðar fluttu fyrirlestra á ráðstefnunni. Aldís sagði frá grunnþáttum í nýrri námskrá menntamálaráðuneytisins og áhrifum þeirra á náms-efnisgerð og Ingibjörg fjallaði um tvö tilraunaverkefni þar sem verið er að prófa notkun spjaldtölva í skólum en Námsgagnastofnun tekur þátt í báðum verkefnum.

Aðalfyrirlestrar ráðstefnunnar voru fluttir af Jens Bammel framkvæmdastjóra IPA – International Publishers Association og Salla Vainio forstjóra Sanoma Pro í Finnlandi. Jens fjallaði um útbreiðslu stafræns námsefnis í

Evrópu og notkun á opnu menntaefni og Salla sagði frá þróun sem hefur orðið í framleiðslu námsefnis og þjónustu við skólana hjá Sanoma Pro á undanförunum árum.

Á ráðstefnunni voru síðan fluttir margir fyrirlestrar um stafræna námsefnisgerð, markaðssetningu, almenn menntamál, rekstur og stjórnun forlaganna og fleira. Mjög vel var að öllu staðið og skipulag allt til fyrirmyndar.

Næsti fundur stjórnenda IGEP forlaganna var síðan haldinn á Bókamessunni í Frankfurt í október og þá tók Ingibjörg Ásgeirsdóttir við stjórn samtakanna í eitt ár. Ráðstefnan verður því haldin hér á landi í sumar, nánar tiltekið í Reykjavík dagana 5.–8. júní 2013.



Ársreikningur fyrir árið 2012

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir / skammtímaskuldir	kr. 209.547.484	kr. 25.617.353
Langtímakröfur / áhættufjármunir	kr. 0	
Langtímaskuldir		kr. 0
Höfuðstóll		kr. 183.930.131
Alls	kr. 209.547.484	kr. 209.547.484

Rekstrarreikningur 31. desember 2012

Dagvinna	kr. 118.587.373
Aukagreiðslur	kr. 3.316.433
Yfirvinna	kr. 930.782
Launatengd gjöld	kr. 28.564.609
Launakostnaður	kr. 151.399.197
Fundir, námskeið og risna	kr. 748.965
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	kr. 397.426
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	kr. 1.904.834
Akstur	kr. 1.335.827
Ferðakostnaður	kr. 4.387.052
Tímarit blöð og bækur	kr. 58.324
Skrifstofuvörur og áhöld	kr. 27.244.207
Aðrar vörur	kr. 3.285.091
Rekstrarvörur	kr. 30.587.622
Önnur sérfræðipjónusta	kr. 66.669.738
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	kr. 4.788.398
Prentun, póstur, auglýsingar og flutningar	kr. 121.284.600
Sími og ýmis leigugjöld	kr. 5.401.442
Aðkeypt þjónusta	kr. 198.144.178
Verkkaup og byggingavörur	kr. 933.255
Rafmagn og heitt vatn	kr. 1.359.483
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	kr. 45.098.842
Húsnæðiskostnaður	kr. 47.391.580
Vextir, bætur og skattar	kr. 18.384.644
Eignakaup	kr. 1.687.683
Birgðabreytingar	kr. -22.062.455
Ýmislegt	kr. -1.990.128
Gjöld samtals	kr. 429.919.501
Sértekjur	kr. 11.241.006
Gjöld umfram tekjur	kr. 418.678.495

